7. stjórnarfundur

1. nóvember 2016

Fundarstaður: Veitingastaðurinn Oddsson 1. nóvember 2016, kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Birta Kristín Helgadóttir, Íris Baldursdóttir, Vigdís Harðardóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir, og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.Elín Smáradóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir og Hjördís Sigurðardóttir, boðuðu forföll.

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir fyrri funda hafa verið sendar út til samþykktar.

2. Styrkjamál

Formaður fundaði með fulltrúum Íslandsbanka um að bankinn styrkti félagi. Íslandsbanki hefur nú tilkynnt að hann muni ekki styrkja félagið á þeim forsendum að félagið sé nú þegar í samstarfi við Landsbankann.Landsvirkjun ætlar að vera bakhjarl og styrkja félagið um 750.000 á ári í tvö ár.HS-Orka ætlar að vera bakhjarl með 325.000 á ári í tvö ár.Bókaður hefur verið fundur hjá Landsneti í næstu viku, varðandi möguleika á að fyrirtækið styrki félagið.

3. Heimasíðan

Petra og formaður hafa þegar lagt drög að efni á vefsíðuna. Verið er að skoða hvaða forrit muni vera heppilegast að nota. Stefnt er að því að síðan verði tilbúin fyrir vetrarfundinn 21. nóvember n.k. Á síðunni verði m.a. fréttir, bæði af félaginu og orkutengdar fréttir. Jafnframt upplýsingar um bakhjarla og systrasamtök KÍÓ og fl.

4. Skýrslan

Ákveðið að leita eftir tilboði frá Ernst og Young í gerð skýrslu um stöðu kvenna í orkumálum á Íslandi í dag.Sólrún Kristjánsdóttir frá OR hefur átt fund með Samorka varðandi upplýsingar sem Samorka er með og mun það skýrast í næstu viku hvað af þeim gögnum verður hægt að nota við gerð skýrslunnar.Hafa þarf í huga að þær upplýsingar sem birtar verða í skýrslunni verði samanburðarhæfar við sambærilegar skýrslur sem gerðar hafa verið erlendis og því er mikilvægt að skilgreina vandlega efnistök og „orkugeirann“ m.t.t. þess.

5. Menntastefna

Íris var með stutta kynningu á helstu markmiðum með því að ná til ungra stúlkna/kvenna. Meðal annars var rætt um að fara inn í skóla og þá öll skólastig, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Ákveðið að þetta verið tekið til frekari skoðunar á stefnumótunarfundinum 18. nóvember.

6. FKA Félag kvenna í atvinnulífinu

Nokkrar stjórnarkonur hittu fulltrúa frá FKA til að fræða um starfsemi FKA og í kjölfarið var KÍÓ boðið að verða aðila að FKA.Ákveðið að ræða þá hugmynd frekar á stefnumótunarfundinum.

7. Vetrarfundur

Vetrarfundur verður haldinn í vikunni 21.-25 nóv.Dagskrá verður kynnt fljótlega.

8. Fréttabréf

Fréttabréf er í ritun hjá formanni og verður sent út í rýni til stjórnarkvenna áður en það verður sent út.

8. Stefnumótun og hátíðarkvöldverður

Á fundi 19. nóv. n.k. verða lögð drög aðstefnumótu KÍÓ og fjárhagsáætlun næsta árs.Í kjölfar fundarins verðu hátíðarkvöldverður stjórnar.

9. Ákvarðanir á stjórnarfundum

Stjórnin var einróma sammála um að aðeins 4 stjórnarkonur þurfi til að stjórnarfundir séu ákvarðanabærir.

10. Önnur mál

Fulltrúar KÍÓ voru í för með orkusendinefnd til Rúmeníu í október. Ferðin var styrkt af Þróunarsjóði EFTA og var áhersla á jarðhitasamstarf landanna.KÍÓ skipulagði kvöldverð í samvinnu við ræðismann Íslands í Rúmení, Gerogiana Pogonaru. Þangað var boðið konum úr félaginu „Professional women network – Rumenia.“Rúmensku konurnar óskuðu eftir frekara samstarfi við KÍÓ og verður skoðað hvernig hægt verður að treysta það samstarf.

11. Næsti fundur

Formaður boðar næsta fund sem haldinn verður í byrjun desember.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið 18:50.